

SKATTUR Á FYRIRTÆKI fyrirtækjaskattaréttur

Eftirgjöf skulda og ýmis álitamál því
tengd (Forgiven debts)

Ásmundur G. Vilhjálmsson

Glærupakki 5

Lausleg yfirferð - fræðsluefni

Endurmenntunarstofnun HÍ

Skattlagning

eftirgefenna skulda

tax consequences of written off debt for debtor
according to Icelandic and danish tax law
Grundvallarreglur – General principles
7. nóv. 2011

Ásmundur G. Vilhjálmsson
Lögmaður og aðjúnkt við
viðskiptadeild HÍ

Inngangur

Niðurfelling skulda skapar tekjur, eykur
greiðslugetu ...

ALMENN SJÓNARMÍÐ

- Við eftirgjöf á kröfu þarf skuldari ekki að greiða skuld er hann stofnaði til
 - Skuldarinn sleppur semsé við að greiða til baka fjárhæð sem hann tók að láni
 - Eftir niðurfellingu lánsins stendur hlutaðeigandi því betur að vígi fjárhagslega en fyrir niðurfellinguna
 - Skuldari hefur einfaldlega úr meiru að spila og hvers vegna ætti hann þá ekki að borga skatt af því. Það er sanngjarnt og eðlilegt, - finnst okkur það ekki?

Raunveruleikinn

Ísland 2009, 2010 ...

- Samkvæmt nýlegu yfirliti um eignir sínar og skuldir liggur fyrir að A skuldar meira en hann á
- Eftir því að dæma er eigið fé hans semsé neikvætt. Hingað til hefur A þannig rétt getað staðið í skilum
- Vegna tekjusamdráttar er hins vegar viðbúið að vanskil munu verða alveg á næstunni nema honum takist að **semja við lánardrottna sína um eftirgjöf skulda**
- Okkar hlutverk er að greina A frá skattalegum afleiðingum eftirgjafarinnar samkvæmt gildandi lögum um tekjuskatt

Nánar um efnahaginn

- Samkvæmt skattframtali A í árslok 2010 voru eignir hans 50 millj. að markaðsverði. Hins vegar námu skuldirnar 60 millj.
- Nú liggur fyrir frumvarp að greiðsluaðlögun og samkvæmt því fallast kröfuhafar A á að afskrifa 12 millj. af lánunum
- Eignaauki A, það er eignir umfram skuldir, eftir niðurfellinguna verða því 2 millj. Þetta gerir A rétt kleift að skrimta
- Könnun núna hvaða afleiðingar þetta hefur fyrir A? Telst öll eftirgjöfin (12 millj.) til tekna hjá honum eða aðeins eignaukinn (2 millj.), sem þýðir að verðlausir parturinn, sá hluti sem A er ekki borgunarmaður fyrir (10 millj.), er skattfrjáls

Tekjuhugtakið

- Skv. íslenskum skattalögum ber manni skylda til að greiða skatt af hvers konar gæðum er honum hlotnast og metin verða til peninga-verðs. Þetta gildir auðvitað um skuldir eins og hver önnur verðmæti
- Verðmæti kröfu ræðst af greiðslugetu skuldara **á þeim degi er skuld er gefin eftir**. Ef skuldari á ekki fyrir kröfunni á þeim degi er verðmæti hennar einfaldlega 0 kr. Eftirgjöfin breytir því engu um skattskyldu manns. **HÍÐ SAMA GILDIR ÞEGAR FYRIRTÆKI EIGA Í HLUT**
- En íslensku tekjuskattslögin ganga skrefi lengra. Þannig undanþiggja þau skatti niðurfellingu skulda hjá **MÖNNUM** jafnvel þótt hún valdi eignaaukningu og eða aukningu ráðstöfunartekna
- Í tilfalli A eru þar af leiðandi ekki aðeins 10 millj. undanþegnar skatti heldur líka eignaaukinn eða 2 millj. en samtals gera þetta 12 millj.
- Skattfrelsið er þó háð ákveðnum skilyrðum, sbr. 3. tölul. 28. gr. TSL

Hvað segja gildandi skattalög (TSL) um stöðu A

- Í 3. tölul. 28. gr. er að finna ákvæði sem fjallar um **SKATTALEGAR** afleiðingar þess að skuld er gefin eftir og hljóðar það svo: **TIL TEKNA TELST**

EKKI:

Muna að þetta eru tekjur það er efnahagsleg gæði sem valda aukningu á greiðslugetu. Ákvæðið tryggir einfaldlega skattfrelsi eftirgjafarinnar. Athugið einnig að engin takmörk eru á þeim eignaauka sem undanþeginn er skatti við þessar aðstæður

- **Eignauki eða aukning ráðstöfunartekna sem stafar af eftirgjöf skulda við nauðasamninga, ENDA HAFI SKULDIRNAR EKKI MYNDAST Í SAMBANDI VIÐ ATVINNUREKSTUR SKATTAÐILA**

.... og þetta nýja fyrirbæri, hvað heitir það nú aftur ... Jú greiðsluaðlögun er það víst

- Hið sama á við um eftirgefnar skuldir sem mælt er fyrir um í samningi um 1) **GREIÐSLUAÐLÖGUN** skv. lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga eða nauðasamningi til greiðsluaðlögunar skv. X. kafla **a** í lögum um gjaldþrotaskipti o. fl., nr. 21/1991 með áorðnum breytingum, 2) **EÐA Á ANNAN FULLNÆGJANDI HÁTT ER SANNAÐ AÐ EIGNIR ERU EKKI TIL FYRIR**, að uppfylltum skilyrðum samkvæmt reglugerð sem fjármálaráðherra setur um **hlutlægt mat** á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl.

Einfalt en samt ... flókið

er tekjuhugtakið ekki það sama hjá öllum

- A hrósar happi yfir að vera ekki atvinnurekandi því samkvæmt hljóðan ákvæðisins virðist eftirgjöf skulda fortakslaust teljast til tekna hjá þeim
- Af hverju skyldi það nú vera spyr A endurskoðanda sinn. Jú, segir hann: Nauðsynlegt er að tekjufæra niðurfellinguna til að **LEIÐRÉTTA** rekstrarreikninginn
- Fyrirtækið hefur auðvitað notað lánið til að kaupa vörur og varanlega rekstrarfjármuni, frádráttur þessa hefur myndað **REKSTRARTAP** sem óeðlilegt er að hægt sé að nota til að lækka með skatta sína ef fyrirtækið sleppur við greiðslu á skuld. **SVONA EINFALT ER ÞAÐ NÚ KÆRI VINUR**

Af hverju er 3. tölul. 28. gr. TSL svona flókinn

- Töluliðurinn er flókinn vegna þess að í honum er blandað saman
 - skattfrelsi skattskyldra tekna (sbr. orðin: *eignaauka, aukningu á ráðstöfunarfé*) og
 - skattleysi ekki-skattskyldra tekna (sbr. setninguna: *eða á annan fullnægjandi hátt er sannað að eignir eru ekki til fyrir*), **það er þær aðstæður að skuldin er verðlaus**
- Þetta verður til þess að maður ætlar að sömu reglur gildi um eftirgjöf **verðmætra og verðlausra** skulda undir þessum kringumstæður **sem auðvitað er rangt**

Sagan

- Ákvæði 3. tölul. 28. gr. tekjuskattslaga er óskýrt. Vegna þessa er nauðsynlegt að afla meiri upplýsinga um ákvæðið
 - Hvenær var það sett, hvaða tilgangi gegndi setningin og hvernig hefur ákvæðið verið túlkað í áranna rás
 - Síðast en ekki síst er nauðsynlegt að horfa á stöðu 3. tölul. 28. gr. gagnvart öðrum ákvæðum skattalaganna eins og t.d. 7. gr. (Hvað eru tekjur?)
 - Gildir það einkum þegar verðlausar kröfur eiga í hlut

Uppruni 3. tölul. 28. gr. TSL

Tók bæði til manna og fyrirtækja

Hér er hvergi minnst á eignaauka, það er tekjur. Ákvæðið virðist því einskorðast við ekki-tekjur, það er verðlausar kröfur, sbr. orðalagið: ... „*sem sannast hefur* ...

- Ákvæði um eftirgjöf skulda kom fyrst í skattalög árið 1935, sbr. c-lið 9. gr. (var d-liður 10. gr. í frumvarpinu) laga nr. 6/1935 er hljóðaði svo:

**AÐ EIGNIR VORU EKKI TIL FYRIR
=NEIKVÆTT EIGIÐ FÉ=VERÐLAUS
KRAFA**

- **TIL TEKNA TELST EKKI:**

– Lántaka, eyðsla höfuðstóls eða eftirgjöf skulda **sem sannast hefur um við gjaldþrot, nauðsamninga eða á annan fullnægjandi hátt, AÐ EIGNIR VORU EKKI TIL FYRIR.** Eftirgjöf skulda telst þó til tekna, ef uppgjöfin kemur fram sem kaupauki, gjöf eða úthlutun arðs úr hlutafélagi →FORGNNGSGREGLA

§ 5

Til Indkomst henregnes ikke: fyrirmyndin

- a. Formueforøgelse, der fremkommer ved, at de Formuegenstande, en skattepligtig ejer, stiger i Værdi - medens der paa den anden Side ikke gives Fradrag i Indkomsten for deres Synken i Værdi - ...
- b. ... samt Formueforøgelse, som hidrører fra Arv og Forskud paa saavel falden som ikke falden Arv eller fra Indgaaelse af Ægteskab, Udbetaling af Livsforsikringer, Brandforsikringer og deslige;
- c. ... de Indtægter, der hidrører fra Kapitalforbrug eller Optagelse af Laan;

Tilgangurinn

Eins og oft er - að taka af öll tvímæli um túlkun

- Í frumvarpi til laga nr. 6/1935 er takmarkaðar upplýsingar að finna um tilgang ákvæðsins. Þannig segir það eitt að með setningu ákvæðisins sé verið að festa í sessi ákveðna framkvæmdarreglu, sbr. eftirfarandi texta
 - „í d-lið er bætt við því ákvæði að eftirgjöf skulda teljist ekki til tekna með vissum takmörkunum, og er þar einnig farið eftir því, **hvernig skattalögin hafa verið framkvæmd í þessu efni**“
- Af þessu verður ráðið að skattyfirvöld hafi talið sér heimilt að horfa fram hjá eftirgjöf skulda við skattlagningu ef niðurfellingin myndaði **ekki EIGNAUKA** það er eignir umfram skuldir. **M.Ö.O þegar verðlausar kröfur áttu í hlut**

Athugum NÚ þróunina

- Ákvæði c-liðar 9. gr. laga nr. 6/1935 hélst óbreytt þar til lög nr. 40/1978 voru sett, sbr. lög nr. 75/1981 og nú lög nr. 90/2003
- Hljóðan ákvæðisins var þá breytt í núverandi horf, sbr. 3. tölul. 28. laga nr. 90/2003 er hljóðar svo:
 - **EIGNAAUKI** sem stafar af eftirgjöf skulda við **NAUÐASAMNINGA**, *enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila*
- Berum nú saman hið gamla og nýja ákvæði svo við getum betur áttað okkur á því **hvort og hvaða** breyting hafi verið gerð

SAMANBURÐUR

1. Ákvæði c-liðar 9. gr. laga nr. 6/1935 var almenns eðlis. Sem slíkt tók það til allra, það er bæði **MANNA OG FYRIRTÆKJA**
2. Í 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 er búið að henda atvinnurekendunum út, sbr. orðalagið „*enda hafi skuldirnar ekki myndast í sambandi við atvinnurekstur skattaðila* ’ ’. Eftir standa semsé aðeins menn
3. Þeim tilvikum, sem veitt geta rétt á undanþágu frá tekjum, hefur sömuleiðis verið fækkað úr **mörgum** tilvikum **(gjaldþrot, nauðsamningar eða á annan fullnægjandi hátt)** í **eitt** tilvik (**nauðsamninga**)
4. Síðast en ekki síst er búið að fella **forgangsregluna niður**. Ekki skyldi því lengur heimilt að skattleggja eftirgjöf launagreiðanda, fyrirtækis o. fl. á skuld launþega, hluthafa o. fl. við nauðsamninga

ÁLYKTUN

- ✓ Það fyrsta sem við þurfum að spyrja okkur er hvort búið sé að þrengja ákvæðið, það er takmarka það við einstaklinga og fækka þeim tilvikum sem veitt geta rétt á undanþágu
- ✓ Í því skyni könnum við greinargerð með frumvarpi til laga nr. 40/1978 og umræður á Alþingi. **Skv. þessum gögnum átti allt að vera óbreytt**
- ✓ Við skýringu á 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003 væri því kannski réttast að ganga útfrá því að töluliðurinn hafi sömu merkingu og c-liður 9. gr. laga nr. 6/1935. **SVO ER HINS VEGAR EKKI**
- ✓ Við setningu laga nr. 40/1978 átti sér stað grundvallarbreyting á skattlagningu eftirgefina skulda

Um breytingarnar

- **VERÐLAUSAR OG VERÐMÆTAR KRÖFUR.** Gamla ákvæði var skýringarregla. Hlutverk þess var að taka af öllu tvímæli um að verðlausar kröfur teldust ekki til tekna. Nýja ákvæðið er efnisregla. Tilgangur þess er að undanþiggja skattskyldar tekjur (verðmætar kröfur) skattlagningu hjá ákveðnum aðilum, það er **MÖNNUM**
- **FÆKKUN UNÐANÞÁGU TILVIKA.** Ástæðan fyrir því að gjaldþrot voru feld brott í upptalningunni á þeim tilvikum sem réttlætt geta skattundanþágu stafar auðvitað af því að eignaauki myndast sjaldnast við þær aðstæður. Tilgreining á gjaldþroti sem skattfrelsisástæðu er því óþörf
- **FORGANGSREGLAN.** Skattskyldu vegna eftirgjafar á skuldum sem höfðu verðmæti hjá launþegum, hluthöfum o. fl. var komið fyrir í A-lið 7. gr. og 11. gr. TSL þar sem þau áttu betur heima. Ekki var því lengur þörf á þeim í 3. tölul. 28. gr. TSL. Það sem meira er - ekki skyldi lengur unnt að skattleggja eftirgjöfina nema hún illi **KAUPAUKA. HIN NIÐURFELLD A KRAFA ÞURFTI ÞVÍ AÐ HAFA VERÐ**

... en hvað með fyrirtækin

- Setning c-liðar 9. gr. laga nr. 6/1935 um skattfrelsi eftirgefina skulda gengdi upphaflegu því hlutverki að tryggja að menn og fyrirtæki þyrftu ekki að borga skatt af eftirgjöf **VERÐLAUSRA KRAFNA** - skýringarregla
- **Með lögfestingu þess ákvæðis varð semsé enginn breyting á skattskyldu krafna sem **HÖFÐU VERÐ**. Þær voru skattskyldar bæði hjá mönnum og fyrirtækjum**
- Á þessu varð grundvallarbreyting með setningu 3. tölul. 28. gr. laga nr. 40/1978, sbr. nú lög nr. 90/2003. Með þeim urðu menn undanþegnir skatti af eftirgjöf skulda við nauðasamninga jafnvel þótt niðurfellingin ylli því að eigið fé þeirra varð jákvætt
- Einungis menn fengu notið þessa skatthagræðis og hélst skattskyldan því óbreytt hjá fyrirtækjum. **EFTIRGJÖF (VERÐMÆTRA) SKULDA TELST ÞVÍ AÐ FULLU TIL TEKNA HJÁ ÞEIM**

Niðurstaða mín

Ath. skattyfirvöld gera ekki greinarmun

- Eftirgjöf skulda hjá mönnum telst **ekki til tekna** að fullnægðum ákveðnum skilyrðum skv. lögum. Í því sambandi skiptir ekki máli þótt skuldirnar hafi verið
- **Við eftirgjöf skulda hjá fyrirtækjum ber hins vegar að greina á milli þess hvort skuldirnar hafi verðmæti eða ekki**
 - Eftirgjöf skulda sem hafa verðmæti, það er valda aukningu á eigin fé umfram skuldir, ber þannig að tekjufæra nema öðruvísi sé mælt í lögum. **Leiðir þetta af meginreglunni um skattskyldu efnahagslegra gæða, sbr. 1. mgr. 7. gr. TSL**
 - Teljist skuldin hins vegar verðlaus það er eigið fé fyrirtækis helst áfram neikvætt þrátt fyrir niðurfellinguna breytir eftirgjöfin engu um skattskylduna. **Leiðir þetta af meginreglunni um ekki-skattskyldu ekki-efnahagslegra gæða, sbr. 1. mgr. 7. gr. TSL**

Framkvæmdin á öðrum Norðurlöndum

- Önnur Norðurlönd fylgja í megin dráttum framangreindum línunum
- Eftirgjöf verðlausra krafna telst þannig ekki til tekna á meðan verðmætar kröfur koma að fullu til skatts
- Í því sambandi er ekki gerður neinn greinarmunur á skattaðilum eftir því hvort þeir eru einstaklingar eða fyrirtæki
- Vegna skyldleika íslensku tekjuskattslaganna við þau dönsku er dönsk lagasetning og framkvæmd auðvitað í sérstöku upphaldi hér

Framkvæmdin í Danmörku

kallast tekjur og gjöld á?

- Á árunum 1922 til 1985 fylgdu Danir þeirri meginreglu að undanskilja eftirgjöf skulda skattlagningu svo fremi að niðurfellingin ylli því ekki að eigið fé skuldara varð jákvætt
- Ekki var þó amast við smávægilegri jákvæðni svo fremi að eignaaukningin byggðist á viðskiptalegum grundvelli
- Mest um vert var þó að hjá fyrirtækjum tíðkaðist að tekju- færa niðurfellinguna hvort sem krafan var verðlaus eða ekki og byggðist það á svipuðum leiðréttingarsjónarmiðum og endurskoðandinn talaði um fyrir hér að framan
- Árið 1986 dæmdi Hæstiréttur (**Ufr 1986.462 HD/Tfs 1986.218 HD**) Dana hins vegar að sú framkvæmd hefði ekki nægilega lagastoð. Í framhaldi var eftirfarandi ákvæði sett:

Hagnaður og tap af kröfum/skuldum

Um skattlagninguna, sjá 24. gr. kursgevinstloven

- Gevinst på gjæld som fólge af tvangsakkord eller aftale om en samlet ordning mellem en debitor og dennes kreditorer om bortfald eller nedsættelse af debtors gjæld (frivillig akkord) **medregnes ikke ved opgørelsen af den skattepligtige indkomst.** Dette gjælder dog ikke i det omfang, **gjælden nedskrives til et lavere beløb end fordringens værdi for kreditor på tidspunktet for gjældseftergivelsen**
- Hagnaður af skuld, sem myndast við nauðasamninga eða samkomulag um lækkun eða eftirgjöf skulda í tengslum við allsherjar uppgjör milli skuldara og kröfuhafa, telst ekki til skattskyldra tekna. **Þetta gildir þó ekki ef skuldin er færð niður meira en markaðsverði hennar nemur fyrir kröfuhafa á þeim tímapunkti sem eftirgjöfin er ákveðin**

Um tapskerðinguna

Sjá 15. gr. álagningalaganna

- § 15. Såfremt den for et indkomstår opgjorte skattepligtige indkomst udviser underskud, kan dette underskud fradrages i den skattepligtige indkomst for de følgende indkomstår. Fradraget kan kun overføres til et senere indkomstår, i det omfang det ikke kan rummes i tidligere års indkomst.
- Stk. 2. Hvis en skattepligtig i et indkomstår opnår en tvangsakkord, **nedsættes uudnyttede, fradragsberettigede underskud** og dernæst uudnyttede, fradragsberettigede tab, der kan fremføres efter reglerne i aktieavancebeskatningslovens § 8, stk. 3, kursgevinstlovens § 31, stk. 3, og ejendomsavancebeskatningslovens § 6, stk. 5, fra det pågældende og tidligere indkomstår **med det beløb, hvormed gælden er nedsat**
- § 15. Sýni uppgjör á skattskyldum tekjum ársins halla má draga tapið frá skattskyldum tekjum næsta ár. Tap má því aðeins flytja á milli ára í þeim mæli sem það hefur ekki nýst til frádráttar tekjum fyrri ára
- Mgr. 2. Hafi hinn skattskyldi á tekjuárinu náð nauðsamningi lækkar ónýttur halli og þar næst, ónýtt frádráttarbært tap samkvæmt 3. mgr. 8. gr. Hlutfjárhagnaðarlaga ... **UM FJÁRHÆÐ HINNAR EFTIRGEFNU SKULDAR**

Á grundvelli þessa lagði ég til að

3. tölul. 28. gr. TSL yrði orðaður svona: Til tekna telst ekki:

- Eftirgjöf skulda í tengslum við allsherjaruppgjör skulda vegna nauðasamninga þar með talið samninga um greiðsluaðlögun skv. lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga eða nauðasamninga til greiðsluaðlögunar skv. lögum um gjaldþrotaskipti nema eftirgjöfin valdi aukningu á eignum umfram skuldir, það er hreinni eign eða skuldin sé afskrifuð meira en sem nemur markaðsverði hennar í verslun og viðskiptum á hlutaðeigandi stað og tíma
- Hafi skuld myndast í atvinnurekstri skal tekjufæra niðurfellingu skuldar allt að því marki að ónýtt rekstrartap á því ári, sem skuld er gefin eftir, þurrkast út. Þann hluta skuldar, sem þá stendur eftir ótekjufærður, skal setja á sérstakan biðreikning til tekjufærslu á móti ónýttu rekstrartapi atvinnurekanda næstu fimm árin talið frá og með því ári, er nauðasamningur, þar með talið nauðasamningur til greiðsluaðlögunar skv. ofansögðu, var staðfestur. Standi eitthvað eftir af kröfunni ótekjufært á biðreikningnum eftir það tímamark fellur það niður
- Aukning eiginfjár sem orsakast af niðurfellingu skulda getur aldrei verið grundvöllur arðsúthlutunar. Fjármálaráðherra setur reglugerð um hlutlægt mat á forsendum eftirgjafar, skilyrði þess að eftirgjöf teljist ekki til tekna, upplýsingagjöf skv. 92. gr. o.fl.

Jane Bolander

- Til að vinna hugmyndum mínum framgang fékk ég Jane Bolander prófessor í skattarétti við Syd dansk universitet í Danmörku til að koma hingað til lands og halda fyrirlestur um efnið í nóv. 2011
- Árið 1999 kom út eftir hana doktorsritgerð um **Skattlagningu við eftirgjöf á skuldum**. Í bókinni er fjallað um reglur danskra laga um eftirgjöf skulda frá 1922 til 1999
- Einsog áður sagði voru þessar reglur ólögfestar frá 1922 til 1985. Byggðist niðurfellingin því á almennum reglum laga um tekju- og eignarskatt **um það hvað séu tekjur og hvað ekki-tekjur**
- Vegna skyldleika íslenskra og danskra skattalaga hefur þessi framkvæmd því beina þýðing hér á landi. Í fáfræði minni hélt ég að koma hennar hingað til lands myndi vekja áhuga skatt yfirvalda. Enginn úr þeirra herbúðum mætti þó að fundinn

Alþingi féllst ekki á tillögur mínar Sjá bráðabirgðaákvæði með lögum nr. 90/2003

- Eftir því sem leið á árið 2010 jókst hins vegar þrýstingur á stjórnvöld að gera eitthvað og það endaði í bráðabirgðaákvæðum:
 - XXXVI, sbr. 1. gr. laga nr. 104/2010, 18. gr. laga nr. 165/2010 og 8. gr. laga nr. 164/2011
 - XXXVII, sbr. 1. gr. laga nr. 104/2010 og 9. gr. laga nr. 164/2011
 - XLIV, sbr. 19. gr. laga nr. 165/2010 og 12. gr. laga nr. 165/2011

Bráðabirgðaákvæði XXXVI

- Í stað þess að telja að fullu til tekna eftirgjöf skulda umfram rekstrartöp er lögaðilum og þeim mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi heimilt að tekjufæra einungis 50% af fengnum eftirstöðvum eftirgjafar skulda vegna rekstrar- og greiðsluferfiðleika á tekjuárunum 2009, 2010, [2011 og 2012]¹⁾ allt að samtals 50 millj. kr., og 75% af eftirgjöf umfram samtals 50 millj. kr. á framangreindu tímabil
- Skilyrði er að til skuldanna hafi verið stofnað í **BEINUM TENGLUM** við atvinnureksturinn. Lögaðilum og þeim mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er heimilt að fyrna eignir, sem eru fyrnanlegar skv. 33. gr., um fjárhæð sem nemur eftirstöðvum eftirgjafarinnar, sbr. 1. mgr., að teknu tilliti til ákvæða 42. gr., á því ári sem eftirgjöf er færð til tekna í skattframtali
- Eigi lögaðilar eða menn sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi ekki eignir sem eru fyrnanlegar skal heimilt að færa eftirgjöf skulda til tekna með jöfnum fjárhæðum í skattframtölum næstu þriggja ára frá og með því tekjuári sem skuld var gefin eftir
- Skilyrði fyrir takmörkun á tekjufærslu skv. 1. mgr., fyrningu skv. 2. mgr. eða frestun á tekjufærslu skv. 3. mgr. er að rekstrartap ársins og yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað

Bráðabirgðaákvæði XLIV

- Þrátt fyrir 1.–4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXVI í lögnum skal þeim rekstraraðilum sem fá eftirgefnar skuldir vegna greiðsluerfiðleika á árunum 2010, [2011 og 2012]1) vera heimilt í skattskilum sínum að færa á milli tekjuáranna 2010 til og með 2014 þann hluta eftirgjafarinnar sem er umfram yfirfæranlegt rekstrartap og rekstrartap ársins, fyrningar og niðurfærslu
- **Skilyrði fyrir yfirfærslu skv. 1. másl. er að skattaðili hafi fyrnt að fullu að teknu tilliti til 42. gr. allar fyrnanlegar eignir sínar og nýtt mögulegar hámarksniðurfærslur á viðskiptakröfum og vörubirgðum. Þá er skilyrði að arði sé ekki úthlutað vegna tekjuáranna 2010 til og með 2014**
- Ríkisskattstjóri getur heimilað skattaðila að taka þátt í samsköttun og sameiningu við aðra skattaðila eða skiptingu upp í fleiri félög að uppfylltum skilyrðum þessa ákvæðis. Standi eftir í árslok 2014 eftirgjöf skulda sem hærrí er en 500 millj. kr. er skattaðila heimilt að færa það sem umfram er til tekna með jöfnum fjárhæðum á tekjuárunum 2015 til og með 2019. Sé eftirgjöf lægri en 500 millj. kr. í lok árs 2014 færast hún ekki til tekna. Eftirgefnar skuldir sem á einhvern hátt tengjast refsiverðri háttsemi skattaðila skal tekjufæra án nokkurs frádráttar

Bráðabirgðaákvæði XXXVII

- Í stað fullrar tekjufærslu á eftirgjöf veðskulda utan atvinnurekstrar og skulda vegna bílasamninga utan atvinnurekstrar er heimilt að telja **ekki til tekna** allt að samtals 15 millj. kr. hjá einstaklingi og samtals 30 millj. kr. hjá hjónum eða samsköttuðum vegna greiðsluferfiðleika á tekjuárunum 2009, 2010, [2011 og 2012].1)
- Fari eftirgjöf fram úr tilgreindum fjárhæðum, sbr. 1. másl., má falla frá tekjufærslu sem nemur 50% af eftirgjöfinni að hámarki samtals 30 millj. kr. hjá einstaklingi og samtals 60 millj. kr. hjá hjónum eða samsköttuðum, og 25% af eftirgjöf umfram samtals 30 millj. kr. hjá einstaklingi og samtals 60 millj. kr. hjá hjónum eða samsköttuðum á framangreindu tímabili
- Ákvæði 1. og 2. másl. eiga ekki við um eftirgjöf á upprunalegum höfuðstól að teknu tilliti til afborgana. Skilyrði er að um sé að ræða skuld sem ekki tengist atvinnurekstri. [Ráðherra]2) er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd tekjufærslunnar á grundvelli þessa ákvæðis. Heimilt skal að fresta tekjufærslu á eftirgjöf skulda manna, sbr. 1. mgr., í tvö ár frá og með því tekjuári sem skuld er gefin eftir. Heimilt skal að færa eftirgjöf skulda til tekna með jöfnum fjárhæðum í skattframtölum næstu fimm ára frá og með því tekjuári þegar skuld var sannanlega gefin eftir eða frá og með því ári þegar tveggja ára frestunartímabili lauk
- Ákvæðið á ekki við gildi 3. tölul. 28. gr. um eftirgjöf skulda.

TAKK FYRIR